

IS Spilareglur - Spilaðu þetta klassíska spil með öllum vinum Latabæjar!

Að byrja

Dómínóspjöldin 48 eru lögð niður á borðið á hvolf (með bakhliðina upp) og eru blönduðu saman. Hver leikmaður dregur 4 dómínóspjöld og leggur þau niður á borðið „opin“ (þannig að myndin sést) fyrir framan sig. Afgangurinn af spjöldunum er látinn liggja áfram á borðinu (í pottinum). Yngsti leikmaðurinn byrjar og leggur niður spjald opið á borðið.

Gangur spilsins

Sá sem á næst að gera er leikmaðurinn sem situr hægrri megin við þann sem byrjaði, o.s.frv. Hann reynir að tengja dómínóspjald saman við fyrra spjaldið. Það er einungis hægt að gera ef myndirnar eru eins sem liggja hver að annarri. Ef leikmaður spilar út tvöföldu spjaldi (tvær eins myndir á einu spjaldi) má hann leggja strax niður annað spjald. Ef leikmaður getur ekki lagt út spjald má hann draga eitt spjald úr pottinum. Ef hann getur lagt það niður, skal gera það tafarlaust. Ef ekki er hægt að nota spjaldið, leggur hann það niður fyrir framan sig. Röðin er því komin að leikmanninum sem situr honum á hægri hönd.

Sigurvegarinn

Leikmaðurinn sem er fyrstur til að leggja út öll spjöldin sín, eða sá sem er með fæstu dómínóspjöldin þegar potturinn er tæmdur, er sigurvegarinn.

Innihald: 48 dómínóspjöld.

Góða skemmtun!